

STARFSSKYRSLA SKÓGARVARDARINS

Á

VESTURLANDI ÁRIÐ 1947.

## STARFSSKÝRSLA

### Girðingar.

Girtar voru á árinu 2 girðingar, á Stórafjalli og Arnbjargarlæk.

Stórafjallsgirðing er um 3 km að lengd. Landið er skógivaxin hlið er hallar móti suðri.

Áður var þarna stór skógur, en féll að mestu á árunum 1927 og fram til 1940. Þó eru eftir all vænir stofnar er vitna um góðan skóg, sumar hríslur munu hafa náð allt að 7 m hæð.

Ungviði er að koma upp, en á örðugt uppdráttar sökum beitar. Land þetta virtist frá náttúrunnar hálfu vera vel fallið til skógræktar.

Arnbjargarlækjargirðing er um 2.3 km að lengd. Landið er smáhæðótt og þurlent að mestu gróið kjarri og allvænum hríslum á ~~stökum~~ stöku stað.

Þarna var um að ræða allgóðan skóg um síðustu aldamót, en á árunum 1912 og 1913 var eftir fyrirmælum fyrrverandi skógræktarstjóra grisjuð allstór spilda.

Grisjunin var alltof mikil, skepnur hagnýttu sér þetta óspart, enda hefir skógurinn fallið algjörlega síðan og ekki yngst sig upp aftur. Landið liggur vel við og er veðursælt á þessum slóðum. Vænta má árangurs af friðuninni innan skamms tíma.

Ákveðið var að girða í Höfn í Melasveit, enda um það gamalt loforð. Girðingarefni er nægði í 2 km vegalengd var flutt þangað og hefi ég farið þangað margar ferðir ~~en~~ til að fá úr því skorið hvar girða ætti. Eigi hefir ennþá náðst samkomulag um girðingarstæði og mun ég eigi fara margar ferðir í viðbót að Höfn þeirra erinda.

Viðhald girðinga var að venju nokkurt en eigi getur það talist í röð hinna verri ára.

### Græðireitur.

Dreifplantað var í græðireitinn 2500 plöntum af birki. Birkifræi var sáð í 60 m<sup>2</sup>.

Seldar voru 1500 birkiplöntur og 50 reyniplöntur. Í haust voru teknar upp 3000 plöntur af birki og slegið

niður til vetrargeymslu. Ennfremur voru teknar upp 1000 reyniplöntur, (smáar) er plantað verður út næsta vor.

Eftir standa í reitnum sáðplöntur í 3 beðum frá því í vor, og 2 ára sáðplöntur í 80 m<sup>2</sup> reit heima við túnið á Hreðavatni.

Í sumar kom upp mjög alvarlegur sjúkdómur í græðireitnum. Var það „rótarsveppur“ er áður mun kunnur í Múllakoti.

Lýsti veikin sér á þá lund að plönturnar visnuðu upp. Ef kippt var í plöntuna var hún laus í moldinni, en engin rót sjáanleg.

Ég leitaði upplýsinga um þessa sýki, en fékk það svar að veikin væri lítt þekkt og varnir engar gegn henni. Af völdum þessarar veiki fórust um 12000 plöntur - aðeins 3000 lifðu af og eru mjög misjafnar.

Hinsvegar ber ekki á rotnun í sáðplöntum frá í vor.

Enginn fastur starfsmaður var við græðireitinn og annaðst ég eftirlit í sumar.

Samkvæmt fyrirmælum frá Skógrækt ríkisins var útbýtt ókeypiss plöntum til Skógræktarfélags Íslands, en það dreifði þeim út á meðal ungmennafélags, svo og þeirra félaga er hafa skógræktarmál á stefnuskrá sinni.

Þær plöntur er til féllu úr græðireitnum við Hreðavatn var úthlutað samkvæmt þessu á þann hátt er hér greinir:

Í Bæjarsveit	50
U.M.F. Baula, Norðurárdal	150
-- Egill Skallagrímsson, Álftamhr.	150
-- Reykdæla, Reykholtisdal	150
-- Dagrenning, Lundareykjadal	150
Kvenfélag "19 júní", Andakílshr.	100
-- Leirar og Melasveitar	100
Skógræktarfélag Skilamannahrepps	150
Snagagirðing (Sk.fél. Borgarf.)	100
Skallagrímgarður Borgarnesi	150
Sundfélag Hörðdælinga, Dalasýslu	200

Þessi ráðstöfun mældist mjög vel fyrir, og er ég sannfærður um að raunverlegur ágóði Skógræktar ríkisins af þessari "sölu" verður miklu meiri, en þótt innkall- aðar hefðu verið 1.000.- kr. fyrir þær plöntur er hér um ræðir.

### Gróðursett.

Gróðursettar voru 13.000 furur frá Norður-Noregi, og skiftist það á nokkra staði er hér greinir:

Hreðavatn	7000
Munaðarnesgirðing	1250
Helgavatn	2500
Hvammsgirðing	450
Snagagirðing	1400

12600

Þegar fururnar komu voru þær mjög skrælnaðar og mjög margar reyndust dauðar. Við það bættist að um þetta leyti voru miklir þurrkar um næstum 2 vikur og hitar afar miklir, enda einu þurkadagarnir í Borgarfjarðarhéraði á sumrinu.

Vanhöld á furunum urðu afar mikil, bezt virðast smæðstu plönturnar lifa. Plöntunum var dreift á mis- munandi staði meðal annars til þess að eigi væri hægt að kenna um staðhættum ef um einn stað hefði verið að ræða og engin til samanburðar.

Margir lögðu einnig hönd á plóginn við að planta furunum út, þar á meðal kennarar frá Hvanneyri.

Þá var gerð tilraun með húsdýraáburð í nokkrar holur og virtist það lítið stöð.

Ligur næst að álykta að vanhöldin stafi að lang- mestu leiti af ofþornun plantnanna í flutningi.

Þegar Snorraháttíðin var haldin í Reykholti var einn liður á dagskránni að tignustu gestir Noregs, þar á meðal Ólafur ríkisarfi - gróðursettu nokkrar plöntur og voru þær álíka margar af birki, furu og rauðgreni. Af mörgum var illa spáð fyrir þessari gróðursetningu.

Ég kom að Reykholti 17. sept. og athugaði plönturnar og lagði á ráðin um vetrarumbúnað.

Furuplönturnar voru flestar lifandi, en ekki höfðu þær dafnað vel. Birkið var mjög lítilfjörlegt. Rauðgrenið var afbragð, lifir allt og plantan no. 1. "Ólafsplantan" hafði vaxið um 10 cm.

Þessar plöntur voru mjög fljótar á leiðinni frá Noregi til Íslands.

Þetta dæmi sannar að grenið er mikið sterkara en furan, og þolir betur fluttning en bæði fura og birki.

Vonandi eigum við eftir að flytja inn greni í stórum stíl til gróðursetningar í birkiskógum okkar.

### Bifreiðar.

Ég hafði til afnota gamlan "Jeppbíl" frá Skógrækt ríkisins til aprílloka. Bíll þessi var upphaflega keyptur af sölunefnd setuliðs-eigna.

hann reyndist illa og þurfti alltof mikið viðhald enda bilaði hann oft í langferðum. Bíllinn hafði aðukennið M 31, var hann seldur til Reykjavíkur, fyrir álíka verð og hann var upphaflega keyptur.

Í maí fékk ég "Jeppbíl", nýjan og var ég kaupandi hans, en nota hann til allra ferðalaga í þágu Skógræktar ríkisins, er ég þarf að annast.

### Ferðalög.

Til Reykjavíkur fór ég nokkrar ferðir. Um Mýra- og Borgarfjarðasýslur fór ég fjölda margar ferðir, enda mest um girðingar á því svæði og aðrar framkvæmdir í sambandi við skógræktina.

Helztu ferir í önnur héröð voru:

7. júní fór ég ásamt Hauki Jörundarsyni út í Leirá og Melasviet á útbreiðslufund fyrir Skógræktarfélag Borgfirðinga.

18. júní fór ég vestur í Kolbeinsstaðahrepp og athugaði Snorrarstaðagirðingu.

12. júní ferð vestur í Dalasýslu vegna fyrirhugaðrar stofnunar Skógræktarfélags Dalamanna. ~~Fóré~~ Fóré Fór ég víða um Suður-Dali og hitti marga Ká hugamenn um skógræktarmál.

5. og 6. júlí fór ég aftur vestur í Dalasýslu, að þessu sinni ásamt Vigfúsi Jakobssyni skógræðingi. Höfðum við meðferðis kvikmyndir Skógræktar ríkisins og voru þær sýndar í Búðardal að afloknum stofnfundi Skógræktarfélagss Dalamanna. Fjölsótt var.

28. júlí fór ég vestur í Stykkishólm til athugunar á landi er Stykkishólmsbúar hafa í hyggju að taka til skógræktar. Landið eru hæðarörög inn í girðingu Ræktunarfélagsins.

Landið virtist vel fallið til skógræktar, vallendis-  
móar, þó ekki of þurir, og skjólgott af flestum áttum.

Þá ræddu þeir við mig um væntanlega stofnun skógræktarfélagss á staðnum.

Samkvæmt beiðni kom ég inn í garð kvennfélags Stykkishólms, sem er allstór. Ekki leizt mér á þann stað.

Allur reyniviður er danskur, en birkið var að mestum hluta skriðkjarr úr Sauraskógi.

Þessi "skógrækt" hlýtur að vekja ótrú allra á framtíð skógræktar, ef þeir kynnast ekki öðru.

29. ágúst fór ég á aðalfund Skógræktarfélagss Íslands er haldinn var í Vaglaskógi. Kom ég úr þeirri ferð 1. september.

18. sept. fór ég vestur í Snorrastaðagirðingu. Þrjár tegundir af grasfræi þar af ein melfræ - er sáð var í fyrri þar í sandana höfðu gróið lítið eitt, þó er líf í öllum tegundunum.

23. okt. kom ég að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og hitti að máli séra Sigurjón Arnason, viðvíkjandi girðingunni í Vatnaskógi, en um þá girðingu ríkir ágreiningur, vill prestur fá mjög háa leigu eftir skógin, en inn á slíkt atriði er Skógrækt ríkisins ekki heimilt að ganga, þar eð mikil landflæmi í eigu einstaklinga og annarra aðila fást endurgjaldslaust aðeins ef Skógrækt ríkisins getur annað því að girða löndin.

Samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra var mér falið at tilkynna presti að girðingin í Vatnaskógi yrði rifin upp í haust ef eigi næðust samningar.

Umræður prests og mín lauk á þann veg að ég lofaði

að rífa girðinguna ekki í haust, en reynt yrði að ná samkomulagi fyrir næsta vor.

26.-27. okt. Ferð vestur á Snæfellsnes. Kom ég að Búðum og athugaði skógræktargirðinguna í Búðahrauni. Girðinguni er vel við haldið og annast það Karl Biríksson bóndi í Öxl, en það er bær við hraunið. Réði ég þennan bónda strax og girt var, til að líta eftir og gera við ~~girkjarn~~ girðinguna. Hefir hann reynst ábyggilegur í því starfi.

Ég hef enga trú á að í Búðahrauni vaxi nokkurntíma nytjaskógur, sökum legu landsins, en sjórok eru þar mjög mikil um nálega allt hraunið, auk þess er jarðvegslítið í hrauninu og það birkikjarr er vex þar mjög kirkingslegt og sennilega bastarðstegund er hefir engin skilyrði til að ná þroska.

Ég kom í Hofstaðagirðingu, en sú girðing var girt í fyrra að nokkru kostuð af Kvenfélagi Miklaholtshrepps og mun það annast viðhald að öllu leiti. Umgengni öll í girðinguni er algjörlega til fyrirmyndar.

Þar hafði verið plantað í nokkrum furum, sitkagreni, reynir, og víðir, innan um lágvaxið kjarr í melhólum.

Allar plönturnar voru lifandi og höfðu vaxið að mun í sumar.

Ég geri mér vonir um eftir því sem af stað er farið að innan skamms muni þessi litla girðing á Snæfellsnesi verða í fremstu röð friðreita hér á landi.

Mikill áhugi ríkir hjá kvenfélagskomum um að planta framvegis í girðinguna.

30-31. okt. og 1. nóv. fór ég norður í Strandasýslu og ferðaðist alla leið norður í Bjarnarfjörð, en hann er í Kaldrananeshreppi. Benedikt Grímsson form. Búnaðarsambands Strandamanna ferðaðist einnig með mér og á hann þakkir skilið fyrir það. Við komum á alla staði í Strandasýslu sem skógekjarr vex, og gerði ég skógarlýsingar eftir því sem við varð komið. Kjarrið í Strandasýslu er í senn: lítið að ummáli og lítið að vexti.

Skýrslu um þessa ferð mína hefi ég samið og sent skógræktarstjóra og einnig þingmanni Strandamanna hr. Hermanni Jónassyni.

Það vísast því nánar til þeirrar skýrslu.

23. nóv. Ferð til Stykkishólms ásamt Garðari Jónssyni og Gunnari Ingvarssyni. Sáttum við þar stofnfund Skógræktarfélags Stykkishólms og var við það tækifæri sýnd kvikmynd frá Skógrækt ríkisins.

Alls var ég 160 daga á ferðalagi í þágu skógræktarinnar árið 1947. Auk þess svaraði ég fjölda bréfa er mér bárust víðsvegar af Vesturlandinu.

Enfremur vinnit ég af höndum ýms erindi fyrir fólk varðandi skógræktina. Mikill fjöldi símtala var einnig á árinu, enda aðstaða mín í þeim efnum batnað mikið þar eð símanúmer mitt er tengt við I fl. stöð Borgarnes.

### Sitt af hverju.

#### Tíðarfar

var mjög kalt s.k. vetur, Frá því í byrjun febrúar og fram í apríl lá snjór óslitið á jörð, og allhörð frost voru oft.

Um miðjan apríl brá til rignina og rignði látlaust að kalla að undanslyldum nokkrum dögum í maí og júní. - fram á áramót. Mun þetta sumar verða mjög minnisstætt og ekki að góðu.

#### Vöxtur skóga

var í lakasta lagi. Eftir mælingum á nokkrum á nokkrum plöntum er ég gerði var meðalvöxtur 7 cm lakari borið saman við fyrra ár.

#### Laufgunartími

~~var um 20 maí.~~ var um 20 maí.

#### Lauffall

var fyrir miðjan sept.

#### Skemmdir í skógum

voru með meira móti einkum maður og olli hann allverulegu tjóni á ungviði í Hreðavatnsskógi. Þá voru mikil brögð að maðki í gördum t.d. Borgarnesi.



Ahugi fólks

fyrir skógrækt almennt færast mjög í vöxt. At-  
hyglisvert er hve mörgu af eldra sveitarfólki er hlýtt  
til sterfsemi Skógræktarinnar enda þótt það hafi verið  
alið upp í andúð við skóginn.

Mjög mikil eftirspurn er um girðingar og vilja  
bændur láta mikið af löndum kvaðalaust til Skógræktar  
ríkisins aðeins ef það er öruggt að landið verði  
friðað.

Mjög sárnar mér oft sem starfsmanni Skógræktarinnar  
að geta ekki sinnt nema að örlitlu leiti öllum beiðnunum  
um girðingar.

Það orkar ekki tvímælis að friðunin er hymingar-  
steininn undir þá skógrækt er koma skal.

Áriðandi er að hafa það í huga þegar um mjög tak-  
markað girðingarefni er að ræða, að enginn sýsla verði  
algjörlega útundan í þeim efnum. Við megum ekki á  
þann hátt vísa á bug þeim hjálparhöndum er líklegar gætu  
orðið til að leggja málum skógræktarinnar lið á komandi  
tímum.

Mjög tel ég ráðlegt að styrkja ýms félög til þess  
að ~~kennixxux~~ koma upp girðingum gengt því að félögin  
annist viðhald girðinga og umhirðu og útplöntun á  
friðaða svæðinu.

Virðingarfyllst,

Beigalda í jan. 1948.

Daníel Kristjánsson.